

Reykjavík 28. apríl 2023

**Umsögn um mál 1028 á 153. löggjafarþingi:**

***Tímabundnar undanþágur frá skipulags- og byggingarlöggjöf og skipulagi***

Aðal- og deiliskipulag sveitarfélaga og þeir lögbundnu, lýðræðislegu og þekktu ferlar, sem krafist er til að breyta þeim, eru til verndar gífurlega mikilvægum hagsmunum bæði íbúa og lögaðila. Staðfest skipulag skapar lögmætar væntingar sem fólk byggir ákvarðanir á, m.a. um framtíðarbúsetu og ráðstöfun aleigu sinnar í því skyni. Því er afar vandmeðfarið eigi að svipta sveitarfélög skipulagsvaldi sínu að hluta, jafnvel þótt það sé tímabundið og í þágu brýns úrlausnarefnis.

Umfangsmikil starfsemi á borð við allt að 250 íbúa búsetuúrræði hefur óhjákvæmilega mikil áhrif á nærumhverfi sitt og eigi að fara þá leið að heimila slíkt fram hjá lögbundnum skipulagsferlum verður að gæta að því að lágmarka möguleg neikvæð áhrif í sjálfu undanþágufurlinu. Í því sambandi skiptir mestu máli að inn á skilgreind íbúasvæði séu aðeins sett búsetuúrræði þar sem umsækjendum um alþjóðlega vernd er boðið upp á sem eðlilegastar heimilisaðstæður, jafnvel þótt það sé í einingum þar sem tiltekinn fjöldi einstaklinga samnýtir sameiginlega aðstöðu á borð við snyrtingar, baðaðstöðu og eldhús. Því er afar bagalegt að í því frumvarpi sem hér er til umræðu skuli ekkert kveðið á um lágmarkskröfur til þeirra búsetuforma sem heimila á að innrétta í húsnaði sem ætlað er til annarra nota. Sett eru skilyrði um nærumhverfi húsnaðisins en engin skilyrði á borð við að húsnaði sé innréttað þannig að því verði skipt í íbúðareiningar þar sem tiltekinn hámarksfjöldi íbúa innan þeirra sé um aðstöðu á borð við salerni, sturtur, eldhús og setustofur eða hve mörgum sé að hámarki ætlað að deila svefnherbergjum. Slíkt mun þó hafa afgerandi áhrif á búsetuskilyrði og líðan þeirra íbúa sem þarna munu dvelja og þar með á allt nærumhverfi viðkomandi búsetuúrræðis. Augljóst samhengi er á milli búsetuskilyrða og innra skipulags búsetueininga og samsetningar íbúahópsins. Fyrir nærumhverfið sem lagt er til að njóti ekki tímabundið þeirrar réttarverndar fyrir sína hagsmuni, sem skipulag á að veita þeim, er einfaldlega allur munur á því hvort inn í íbúðahverfi þeirra flytji hópur fólks í þökkalegar góðar heimilisaðstæður þar sem öllum líður vel eða hvort eina markmiðið sé að koma niður sem allra flestum rúmum. Þótt umsækjendur um alþjóðlega vernd þurfi vonandi að dvelja sem styst í slíkum úrræðum er raunin sú að það dregst gjarnan. En það felur líka í sér að fólk er að koma og fara og samsetning íbúahópsins breytileg sem kallar enn frekar á að fólki sé boðið inn í mannsæmandi aðstæður. Fyrir íbúa í næsta nágrenni er sambúðin við viðkomandi búsetuúrræði líka komin til að vera til nokkurra ára svo einnig þeirra vegna verður að vanda til verka.

Eigi að ganga tímabundið fram hjá skipulagsvaldi sveitarfélaga og svipta þar með íbúa þeirri verðmætu vernd fyrir hagsmuni sína og áhrif á nærumhverfi sem í þeim ferlum felst, er algert skilyrði að lög um slíka undanþágu skilgreindi jafnframt þær lágmarkskröfur sem gera þarf til þeirra búsetuúrræða sem innréttað verða; Hver er hámarksfjöldi íbúa í hverri íbúðareiningu sem deilir sameiginlegri aðstöðu, hve margir mega að hámarki deila svefnherbergjum og svo framvegis.

Hér fara algerlega saman hagsmunir umsækjenda um alþjóðlega vernd og íbúa í nærsamfélaginu.

Arnar Guðmundsson,  
Laufásvegi 22, 101 Reykjavík